

77

10. sept.

GJALDSKRÁ

um

vatnsskatt i Flateyrarhreppi.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Upphæð vatnsskattsins sje þannig:

I. flokkur.

Íbúðarhús, sölubúðir, íshús, smiðjur með hreyfiafli og önnur slík hús.

Af húsum alt að	3000 kr. greiðist	4‰.
— — yfir 3000—5000 — —		3½‰.
— — — 5000—7000 — —		3‰.
— — — 7000—10000 — —		2½‰.
— — — 10000 kr. — —		2‰.

II. flokkur.

Geymslu- og peningshús. Af þessum húsum greiðist 2‰.

2. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivjelar, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki og annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 2 kr. og fyrir hvern stórgrip 2 kr. árlega.

3. gr.

Af öllum íbúum vatnsveitusvæðisins skulu húsráðendur árlega greiða vatnsskatt, er nemur kr. 0,80 á mann.

4. gr.

Ef vatn er notað við fisk-, síldar- og kjötverkun, og annað slíkt, skal hreppsnefnd taka fyrir þessa vatnsnotkun gjald eftir samkomulagi við hlutað-eigendur.

5. gr.

77

Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 kr. fyrir hvert tonn, eða hluta úr 10. sept. tonni, og greiðist gjaldið strax við vatnstökuna. Innlend skip, sem taka vatn að staðaldri úr vatnsveitunni, geta fengið ívilnun í verðinu með samkomulagi við hreppsnefnd.

6. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Eindagi á vatnssköttum er 15. ágúst ár hvert.

7. gr.

Vatnsskatt þann, sem ekki er greiddur í tæka tíð, má taka lögtaki eins og önnur gjöld til sveitarsjóðs.

8. gr.

Hreppsnefndin má, ef ástæður eru fyrir hendi, svo sem nýjar vatnsæðar eða miklar endurbætur, hækka vatnsskattinn um alt að 20%, fyrir eitt ár í senn. Hreppsnefndinni er og heimilt, ef hún finnur ástæðu til, að lækka vatnsskattinn um alt að 20%, til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. október 1926, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. sept. 1926

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.